

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B89-93

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 89-93

Nr. 690-716

2005

Efnisyfirlit B 89–93 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
690	18. júlí	Gjaldskrá fyrir Lögbirtingablað	1553-1554
691	19. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 547, 27. maí 2005, um togveiðar á kolmunna 2005	1554
692	20. júlí	Reglugerð um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál	1555
693	20. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík	1556
694	20. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 809, 20. nóvember 2002, um friðunarsvæði við Ísland	1556
695	21. júlí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1557
696	25. júlí	Reglugerð um bann við kolmunnaveiðum við Þórsbanka án meðaflaskilju	1558
697	25. júlí	Reglugerð um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski	1559-1560
698	22. júlí	Reglur um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja	1561-1571
699	15. júlí	Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason	1572-1573
700	15. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 866/2000 um aðskilnað fjarskiptaneta og kapalkerfa fyrir sjónvarp sem er í eigu sama lögaðila	1573
701	20. júlí	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlands-svæðis eystra	1574-1579
702	20. júlí	Reglugerð um rannsóknarnefnd umferðarslysa	1579-1581
703	26. júlí	Reglur um breytingu á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005	1581-1582
704	14. júlí	Reglugerð um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti	1582-1584
705	13. júlí	Auglýsing um breytingu á skrá Vestmannaeyjabæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	1584
706	15. júlí	Auglýsing um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Mið-Engis, Farborgir, Grímsnes- og Grafningshreppi	1584
707	12. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um stjórn lögreglurannsóknna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 396 27. júní 1997	1585
708	13. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni, nr. 176 17. mars 1999	1585
709	19. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Álversins í Straumsvík, Hafnarfirði	1586
710	19. júlí	Auglýsing um skipulagsmál á Fljótsdalshéraði	1586
711	18. júlí	Auglýsing um skrá Stykkishólmsbæjar skv. 6.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	1587

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 2005

18. júlí 2005

1553

Nr. 690

GJALDSKRÁ fyrir Lögbirtingablað.

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, eru gjöld fyrir auglýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði hér með ákveðin þannig:

1. Fyrir auglýsingar í eftirtöldum flokkum sem sendar eru inn í gegnum almennt auglýsingaform í auglýsingakerfi Lögbirtingablaðsins greiðast 2 kr. fyrir stafabil, hvert slag:

Áskorun	Innkallanir (aðrar en þrotabúa og dánarbúa)
Auglýsing/tilkynning frá ráðuneyti	Kaupmáli
Auglýsing/tilkynning varðandi fjármála- starfsemi	Laus störf, stöður, embætti o.fl.
Dómsbirting	Mat á umhverfisáhrifum
Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.	Nauðasamningar
Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala	Skipulagsauglýsing
Félagsslit	Starfsleyfi
Framhald uppboðs	Stefna
Fyrirkall	Svipting fjárræðis
Greiðsluáskorun	Umferðarauglýsingar
Happdrætti	Vátryggingafélagaskrá/ vátryggingamiðlaraskrá
Húsbréf	Veðhafafundur
	Ýmsar auglýsingar og tilkynningar

2. Fyrir eftirtaldar auglýsingar greiðist sem hér segir:

Auglýsing frá hlutafélagaskrá (nýskráning, aukatilkynning, samruni, skipting)	1.000 kr. fyrir hverja tilkynningu
Búfjármarkaskráning	500 kr. fyrir hvert búfjármark
Firmaskráning	1.000 kr. fyrir hverja firmatilkynningu
Innköllun dánarbús, þrotabús	1.000 kr. fyrir hvert bú
Nauðungarsala	1.000 kr. fyrir hverja eign
Skiptafundur dánarbús, þrotabús	1.000 kr. fyrir hverja auglýsingu
Skiptalok dánarbús, þrotabús	1.000 kr. fyrir hverja auglýsingu

3. Annað:

Undanþegin gjaldskyldu eru skiptalok í búum þar sem innkallanir hafa verið birtar fyrir 1. júlí 2005.

Einungis er greitt fyrir 1. birtingu auglýsinga sem skylt er skv. lögum að birta oftar.

Heimilt er að innheimta allt að tvöfalt verð auglýsingar vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu. Heimilt er að innheimta álag þótt auglýsing hafi verið afturkölluð.

Gjald vegna fylgiskjals sem birtist með auglýsingu er kr. 5.000.

2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, er gjald fyrir áskrift að Lögbirtingablaði sem hér segir:

1. Áskrift að prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs er kr. 12.000 fyrir árið.
2. Verð einstakra prentaðra tölublaða er kr. 250.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem kemur í stað gjaldskrár nr. 624 frá 30. júní 2005 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. júlí 2005.

Björn Bjarnason.

Ragna Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 547, 27. maí 2005,
um togveiðar á kolmunna 2005.**

1. gr.

Í stað „345 þús. lestir“ í 2. málslíð 1. gr. komi: 590 þús. lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15 maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. júlí 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 2005

20. júlí 2005

1555

Nr. 692

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál.

1. gr.

Allar veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á svæði í Víkuráli, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 04'00 N – 26° 29'00 V
2. 66° 00'00 N – 26° 26'00 V
3. 65° 49'00 N – 26° 57'00 V
4. 66° 00'00 N – 26° 50'00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 22. júlí 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 697, 11. október 2002, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júlí 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Fellagarðar, Breiðholt III.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fellagarðar, Drafnarfell, Eddufell og Völvufell.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. júlí 2005.

Helga Bragadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 809, 20. nóvember 2002, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

2. mgr. 1. tl. 1. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ofangreint bann er þó heimilt á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 15. apríl að stunda veiðar á svæði á „Mehlsack“ sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63° 26'77 N – 25° 23'25 V
2. 63° 06'50 N – 24° 44'30 V
3. 63° 03'36 N – 24° 55'51 V
4. 63° 19'00 N – 25° 32'00 V
5. 63° 21'95 N – 25° 39'65 V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 22. júlí 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júlí 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 2005

21. júlí 2005

1557

Nr. 695

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Hádegismóar 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 28. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hádegismóa 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Garðastræti 33.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 6. júlí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Garðastræti 33.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bíldshöfði 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 29. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bíldshöfða 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagötusvæði, Skúlagata 21.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 8. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötusvæði, Skúlagata 21.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. júlí 2005.

e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 2005

Nr. 696

1558

25. júlí 2005

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum við Þórsbanka án meðaflaskilju.

1. gr.

Frá og með 26. júlí 2005 eru veiðar með kolmunnavörpu við Þórsbanka aðeins heimilar að varpan sé búin meðaflaskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar frá 25. júlí 2005, um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|---------------------------|---------------------------|
| 1. 65°00'00 N 10°20'00 V | 11. 63°26'00 N 11°55'00 V |
| 2. 64°37'00 N 10°20'00 V | 12. 63°17'00 N 11°20'00 V |
| 3. 64°37'00 N 09°50'00 V | 13. 63°07'00 N 12°29'00 V |
| 4. 64°04'00 N 09°50'00 V | 14. 63°45'50 N 12°56'70 V |
| 5. 64°04'00 N 11°04'00 V | 15. 63°53'44 N 13°25'00 V |
| 6. 64°17'00 N 10°34'00 V | 16. 64°00'00 N 13°07'00 V |
| 7. 64°37'00 N 10°51'00 V | 17. 64°21'70 N 12°17'30 V |
| 8. 64°33'00 N 11°30'00 V | 18. 64°32'30 N 11°41'00 V |
| 9. 64°10'00 N 12°09'00 V | 19. 65°00'00 N 11°28'00 V |
| 10. 63°46'00 N 12°09'00 V | |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma eru felldar úr gildi reglugerð nr. 519, 27. maí 2005 um bann við kolmunnaveiðum vestan Þórsbanka með síðari breytingum, reglugerð nr. 606, 24. júní 2005, um bann við kolmunnaveiðum úti fyrir Austfjörðum og reglugerð nr. 657, 1. júlí 2005, um bann við kolmunnaveiðum austan Þórsbanka.

Sjávarútvegsráðuneytið 25. júlí 2005.

F .h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski.

1. gr.

Meðaflaskilja er útbúnaður, sem komið er fyrir í flotvörpu við veiðar á uppsjávarfiski í þeim tilgangi að flokka meðafla frá þannig að hann skiljist lifandi úr vörpunni. Meðaflaskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

Bil milli rimla í meðaflaskiljunni skal mest vera 55 mm. Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir meðaflaskilja eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.

3. gr.

Ef flotvörpuveiðar á ákveðnum svæðum eru í skyndilokunum eða reglugerðum, sem gefnar eru út með stöð í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin meðaflaskilju, er eingöngu heimilt að nota þær gerðir skilja, sem ráðuneytið hefur viðurkennt og lýst er í viðauka með reglugerð þessari og með því rimlabili sem áskilið er.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 79/1997.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 26. maí 2005.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og viðaukans er heimilt til 1. september 2005 að nota meðaflaskilju með 60 mm. rimlabili.

Sjávarútvegsráðuneytinu 25. júlí 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.


Þórður Eyþórsson.

VIÐAUKI 1.

Meðaflasskilja.

Lýsing:

Meðaflasskiljan er nethólkur úr fjórum byrðum sem í er grind eða grindur sem skilja stóran fisk frá smáum og sleppir stærri fiskinum út um sleppigat á undirbyrði nethólksins. Meðaflasskiljan er fest aftan við belg flotvörpunnar með reimingu og er pokinn festur á sama hátt fyrir aftan meðaflasskiljuna.



Frágangur skilju:

Grindur geta verið ein eða fleiri í skiljunni. Rimlabíl skal vera 55 mm að innanmáli á milli rimla (meðaltal tíu mælinga). Grind(ur) skal vera fest við yfirbyrði og hliðarbyrði og fremst á undirbyrði (sjá mynd). Festingar úr grindum í byrði og milli grinda skulu vera þannig gerðar að ekki myndist bil. Halli á grind(um) skal vera sem næst 45°. Sleppigat er aftast á undirbyrði (sbr. mynd) í skiljuhólknum.

Net í skiljuhólknum skal vera úr riðli með minni möskvum en 80 mm lengd til að koma í veg fyrir ánetjun veiðitegundar í skiljunni. Nota skal fínriðil leitðinet fyrir framan grind (ur) til að beina fiski sem efst á grind (ur). Nota skal kúlur eða teygjur til að halda uppi leitðineti. Net sem notað er í undirbyrði I (sbr. mynd) við sleppigat ætti að vera þannig að það falli að undirbyrði II (sbr. mynd) í drætti. Hafa skal stíft hlífðarnet undir þessu neti til að koma í veg fyrir að það þenjst út ef mikill straumur liggur á því. Grindur skulu þannig úr garði gerðar að auðvelt sé að taka þær inn á flotvörpuvindur. Óheimilt er að nota of efnismikla grind(ur) sem torvelað gæti streymi í gegn. Nota skal hallamæli við notkun skiljunnar.

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 2005

22. júlí 2005

1561

Nr. 698

REGLUR

um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Orðskýringar:

- Söluflokkur:** Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR. Dæmi: Kjarni.
- Vöruflokkur:** Skipan vöru í hóp eftir megin Einkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluaðferðum. Dæmi: Rauðvín, viskí.
- Flokksdeild:** Skipan vöru í hóp eftir upprunasvæði, hráefni, framleiðsluaðferð eða stærð umbúða. Dæmi: Rauðvín frá Chile, kókoslíkjör. Hvert undirnúmer vöru-flokks telst flokksdeild.
- Áfengistegund:** Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Mateus rósavín.
- Sölutegund:** Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í verðskrá ÁTVR. Dæmi: 750 ml flaska af Mateus rósavíni.
- Vöruvalsdeild:** Flokkur sölutegunda, sem keppa innbyrðis um sæti í kjarna-flokki. Dæmi: Rauðvín í flöskum.
- Framlegð:** Munur söluverðs og innkaupsverðs - án vsk.
- Framlegðarskrá:** Skrá yfir framlegð vöru á 12 mánaða tímabili.
- Vöruvalsskrá:** Framlegðarskrá eftir vöruvalsdeildum.

1. Söluflokkar.

- 1.1 Áfengi er deilt í 4 söluflokka:
Reynsluflokk
Kjarna
Mánaðarflokk
Sérflokk
- 1.2 *Reynsluflokkur* er ætlaður vöru sem er í tilraunasölu.
- 1.3 *Kjarni* er aðalsöluflokkur ÁTVR. Vörur í kjarna eru skráðar á sölulista í a.m.k. 1 ár en að ári liðnu geta þær fallið úr kjarna, skili þær ekki lágmarksframlegð. Kjarni deilist í forkjarna og aðalkjarna.
- 1.4 *Mánaðarflokkur* er ætlaður árstíðabundinni vöru.
- 1.5 *Sérflokkur* tekur til vöru sem tekin er í sölu til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvals-nefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir áfengis eru faltar í sérflokki.
- 1.6 Áfengi, sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.

Reynsluflokkur.

- 1.7 Birgir, sem óskar að selja vöru í reynsluflokki og leyfi hefur til að selja áfengi í heild-sölu, skráir upplýsingar um vöru sína á eyðublað ÁTVR: Umsókn um sölu áfengis. Jafnframt því að leggja inn tilboð, leggur birgir fram vöruvottun og fær formlegt samþykki á, að hin sýnda sölu-eining uppfylli skilmála ÁTVR. Hann staðfestir að honum séu kunnir skilmálar ÁTVR og að hann sé reiðubúinn að hlíta þeim.

- 1.8 Í reynsluflokki eru allt að 1400 sölutegundir sem seldar eru í Heiðrónu og í Kringlunni. Séu öll sæti skipuð, getur birgir rýmt fyrir þeirri vöru, er hann býður, með því að taka aðra vöru, sem hann hefur forræði á, af listanum, enda hafi sú vara verið í reynslusölu í fulla 12 mánuði án þess að hafa verið felld úr flokksnum. Að öðrum kosti bíður hann þar til sæti losnar.
- 1.9 Þegar birgir óskar skráningar á biðlista, skal skrá erindi hans í röð sams konar erinda. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru, umbúðastærð ásamt vöruflokki og flokksdeild, sbr. ákv. 2. kafla. Sé bið eftir að vara komist í reynslusölu, skal við færslu vöru af biðlista líta til, hvort bæta þurfi vöruval til samræmis við fylgiskjal 1. Beiðni um skráningu verður ekki afturkölluð án samþykkis ÁTVR. Skráin sé til sýnis á birgjavef ÁTVR.
- 1.10 Samningur skal gerður a.m.k. mánuði áður en sala í reynsluflokki hefst. Takist samningar eigi fyrir þau tímamörk vegna tómlætis birgis, fellur tilboð hans af tilboðsskrá. Verði vara ekki afhent a.m.k. 4 dögum fyrir upphafsdag sölu skv. samningi, fellur samningurinn úr gildi.
- 1.11 Skili sölutegund í reynsluflokki á 12 mánaða tímabili 75% af framlegð síðustu sölutegundar á viðkomandi vöruvalsskrá eða 75% af framlegð 600. tegundar á framlegðarskrá, flyst hún í kjarna.
- 1.12 Vara úr reynsluflokki fer úr vörslu ÁTVR, hafi hún ekki skilað á undanfögnu 12 mánaða tímabili framlegð, sem sé a.m.k. 35% af framlegð síðustu sölutegundar á viðkomandi vöruvalsskrá eða 35% af framlegð 600. tegundar á framlegðarskrá á sama tímabili. Hafi birgir eigi afgreitt pöntun á vöru í reynslusölu í 60 daga samfleytt, fellur varan af listanum.
- 1.13 Vöru, sem felld hefur verið úr reynsluflokki, verður eigi getið þar aftur fyrr en að liðnum 12 mánuðum.

Kjarni.

- 1.14 Þegar vara í reynslusölu hefur náð tilskildum árangri til að flytjast í kjarna, skal birgir innan 5 daga frá því söluárangur varð ljós senda ÁTVR tvær sölueiningar án endurgjalds. Sala í kjarna hefst í upphafi næsta mánaðar eftir að sýnishorn hafa verið lögð fram.
- 1.15 Í kjarna eru sölutegundir, sem fengið hafa tilskilið árangursmat í reynsluflokki. Í aðalkjarna eru 600 tegundir sem verið hafa í forkjarna í a.m.k. eitt ár og skila ÁTVR á hverju 12 mánaða tímabili mestri framlegð í hverri vöruvalsseild. Vöruvalsseildirnar eru 15 og hefur hver deild fjölda sölutegunda svo sem hér segir:
 - A Rauðvín: 185
 - B Hvítvín og Rósavín: 120
 - C Rauðvín – BIB: 25
 - D Hvítvín og rósavín BIB:12
 - E Smáflöskur: 5
 - F Freyðivín: 20
 - G Kryddvín: 7
 - H Styrkt vín: 16
 - I Sterkt áfengi – hvítt: 35
 - J Sterkt áfengi – litað: 50
 - K Sterkt áfengi – blandaðir drykkir: 40
 - L Ljós lagerbjór – flöskur: 19
 - M Ljós lagerbjór – dósir: 31
 - N Annar bjór: 20
 - O Aðrar tegundir: 15

- Í forkjarna er vara á fyrsta ári eftir að tilskyldum árangri í reynslusölu hefur verið náð.
- 1.16 Mánaðarlega birtir ÁTVR á birgjavef sínum skrár um framlegð einstakra sölutegunda. Skrá er og birt fyrir hverja vöruvalsdeild og sölutegundum skipað þar í röð eftir framlegð – frá mestu framlegð til þeirrar lægstu. Aðalkjarni er endurmetinn í mánuði hverjum. Vara fellur úr kjarna nái hún ekki sæti á framlegðarskrá er rúmast innan þess fjölda sölutegunda, sem er í viðkomandi vöruvalsdeild enda sé hún ekki í forkjarna.
 - 1.17 Vara, sem felld hefur verið úr kjarna, getur hafið reynslusölu á ný, þegar kjarnabirgðir í eigu ÁTVR eru uppseldar.

Mánaðarflokkur.

- 1.18 Í mánaðarflokk fer áfengi sem framleiðandi ætlar til sölu á tilteknum árstíma. Tímabil eru þessi: Þorri, langafasta og jólamánuður. Söluþími lönguföstu er frá öskudegi til loka dymbilviku. Söluþíminn „jólamánuður“ hefst þriðja fimmtudag nóvember og lýkur 6. janúar. Dreifing fer fram í öllum verslunum ÁTVR sem hafa vöru í reynslusölu. Um sölu í öðrum verslunum fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni. Tekið verður við mánaðarvöru frá þeim framleiðendum sem hafa vöru í kjarna enda sé mánaðarvaran framleiðsla þeirra. Mánaðarvara þarf að hafa efnainnihald sem er frábrugðið allri annarri vöru sama framleiðanda. ÁTVR tekur aðeins eina tegund í hverri flokksdeild til sölu frá sama framleiðanda.

Sérflokkur.

- 1.20 Sérflokkur ÁTVR er ætlaður til þess að taka inn vöru sem eykur fjölbreytni og vöruval í vínúðum. Vöruvalsnefnd ÁTVR velur vöru í sérflokk.

Sérpantanir.

- 1.21 ÁTVR heldur uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið fram í öðrum söluflokkum. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.
- 1.22 Sá er pantar skal setja ÁTVR tryggingu fyrir því að kostnaður við kaup og flutning hinnar pöntuðu vöru fáiist greiddur. Tryggingin skal vera 700 kr. á sölueiningu. Tryggingarfé endurgreiðist sé vara ófáanleg en ella gert upp við afhendingu vöru. Pöntuð vara endursendist sé hennar ekki vitjað innan 14 daga frá því hún er tilbúin til afhendingar.

Sýnishorn.

- 1.23 Þegar ÁTVR tekur vöru í sölu afhendir birgir tvær sölueiningar án endurgjalds sem notaðar eru til smökkunar, gerðar lýsinga og gæðaeftirlits. Birgjar skulu skila inn a.m.k. 2 sýnishornum af hverri sölueiningu árlega á meðan vara er í sölu hjá ÁTVR. Ef um mjög dýrar sölueiningar er að ræða getur ÁTVR fallið frá kröfu um sýnishorn. ÁTVR skráir umsögn um vöruna til birtingar í verðskrá.

2. Vöruflokkar, flokksdeildir og vöruvalsdeildir.

- 2.1. Um skipan vöru í kjarna og reynsluflokki í flokksdeildir fer samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 1 með reglum þessum.
- 2.2. Um skipan flokksdeilda í vöruvalsdeildir fer samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 2 með reglum þessum.

3. Val verslana á vörum í kjarna.

- 3.1 Áfengi í kjarna er til sölu í öllum verslunum ÁTVR.
- 3.2 Á Akureyri, í Heiðrónu, Kringlunni, Smáralind, Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi skulu allar kjarnavörur fást.

- 3.3 Í Austurstræti, á Dalvegi, í Garðabæ, Holtagörðum, Keflavík, Mjódd, Mosfellsbæ, á Spönginni og á Selfossi fást að jafnaði 500 sölutegundir í kjarna.
- 3.4 Á Akranesi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum eru að jafnaði 300 sölutegundir í kjarna.
- 3.5 Í Ólafsvík, Stykkishólmi, á Patreksfirði, Blönduósi, Siglufirði, Dalvík, Húsavík, Neskaupstað, Höfn, Hveragerði, Reyðarfirði og í Grindavík fást að jafnaði 200 sölutegundir í kjarna.
- 3.6 Að jafnaði eru 100 sölutegundir fánlegar í öðrum vínbúðum.
- 3.7 Val þeirra verslana, sem ekki hafa allar vörur í kjarna, skal endurmetið í janúar, maí og september og koma til framkvæmda 1. næsta mánaðar.
- 3.8 Miða skal grunn útreiknings við vöruvalsskrár. Fyrir hvert fjögurra mánaða tímabil skal ákvarða fjölda áfengistegunda eftir röð þeirra á vöruvalsskrá. Í vínbúðum, sem bjóða færri sölutegundir en eru í kjarna, skal val sölutegunda af vöruvalsskrám vera hlutfallslega það sama og í vínbúðum sem bjóða allar kjarnavörur. Að frátöldu eigin vali verslunarstjóra skal valið fylgja framlegð.
- 3.9 Verslunarstjórar velja allt að 10% hámarksfjölda sölutegunda í samræmi við eftirspurn viðskiptavina.
- 3.10 Við val sitt skulu verslunarstjórar auka úrval vínbúða með hliðsjón af skrá um vöru-flokka og flokksdeildir sbr. fylgiskjal 1 svo og með tilliti til staðsetningar sölutegundar á framlegðarskrá.
- 3.11 Forstjóri ÁTVR skal árlega meta ákvarðanir verslunarstjóra skv. þessum kafla og breyta vali til samræmis við almennar reglur, þyki honum ástæða til.

4. Skilmálar í viðskiptum við birgja.

Vara og umbúðir.

- 4.1 Birgir ábyrgist að innihald vöru og lýsing hennar samræmist reglum upprunalands og íslenskum lögum.
- 4.2 Á umbúðum sölueiningar komi fram eftirtalin atriði: Heiti vöru, magn (lítramál), styrkleiki vínanda (m.v. rúmmál), lotunúmer, „best fyrir“ dagsetning þar sem við á.
- 4.3 Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög. Áletrun eða einkenni, sem gefur til kynna að vara sé heimil til neyslu fólki yngra en tvítugu, er óheimil. Sölueiningu má ekki auðkenna með merki fríhafnarsölu.
- 4.4 Strikamerki - EAN eða UPS - verða að vera á hverri sölueiningu.
- 4.5 ÁTVR mun ekki hafa vöru í hillum, taki umbúðir hennar meira hillurými miðað við magn en almennt gerist. Dósir séu með föstum flipa. Heimilt er að hengja miða á flöskur með uppskriftum og/eða kynningu á vörunni eða framleiðanda. Áletrun má ekki fela í sér happdrætti eða tilboð. Heimilt er að bjóða fram í mánaðar- eða sérflokkki vöru í fjölpakka eða pakkningar með fylgihlutum sem tengjast neyslu vöru, s.s. glös eða upptakara. Vöruvalsnefnd ÁTVR tekur afstöðu til slíkra pakkninga, með hliðsjón af gerð pakkningar, umfangi, plássi í vínbúðum og verði.
- 4.6 Vara verður að vera í samræmi við sýnishorn sem ÁTVR hefur metið fullnægjandi og verður ekki breytt nema ÁTVR samþykki breytinguna. Það telst breyting á vöru, fái hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínandastyrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.

Pöntun og afhending.

- 4.7 Í samningi skal tilgreina hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR fari fram og hvenær sala skuli hefjast. Pöntun skal staðfesta með formlegum hætti innan 9 daga. Pöntun á kjarnavöru telst ekki staðfest nema staðfestingunni fylgi upplýsingar um afhendingar-

viku. Berist staðfesting ekki innan 30 daga frá pöntun eða verði vara í kjarna ekki afhent innan 90 daga frá pöntun, fellur samningur um vöruna úr gildi svo og allar óafgreiddar pantanir á vörunni.

- 4.8 Innkaupadeild pantar vöru til reynslusölu í þeim mæli sem birgir óskar. Þó séu birgðir að jafnaði eigi umfram 10 daga sölu.
- 4.9 Við afhendingu vöru skal gæta eftirtalinna atriða:
Sé magn vöru í afhendingu meira en sem svarar einu lagi á bretti skal varan afhent á vörubretti. Andvirði vörubretta sé innifalið í vöruverði. Mesta þyngd vöru og brettis sé 900 kg og mesta hæð þess 150 cm. Sé hleðsla á bretti umfram 70 cm að hæð, skal vefja vöru plastskæni.
Hver pöntun sé afhent sérstaklega ásamt afhendingarseðli í vöruhúsi ÁTVR.
Afhendingarseðill verður að vera sundurliðaður eftir vörunúmerum birgis eða ÁTVR.
Vöruheiti, stærð umbúða og magn sé skilgreint.
Strikamerki, frábrugðið strikamerki sölueiningar, sé á hverjum kassa.
Vara sem hefur „best fyrir“ merkingu, verður að eiga a.m.k. 2 mánuði eftir af geymsluþoli þegar hún berst í vöruhús ÁTVR.
Reikningur berist ÁTVR tveimur sólarhringum fyrir afhendingu vöru.
Hver pöntun sé merkt með pöntunarnúmeri ÁTVR á plastskæni, kassa eða vörubretti.
Sé reglum þessum ekki fylgt, getur ÁTVR hafnað móttöku vöru.
- 4.10 Um ábyrgð á vöru gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.
- 4.11 Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.
- 4.12 Taki birgir eigi til sín gallaða vöru áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu.

Verð og greiðsla.

- 4.13 Þeir, sem bjóða vöru í reynslusölu, sérflokki eða mánaðarsölu, skuldbinda sig til að lána ÁTVR vöruna sölutímann. ÁTVR greiðir lánardrottnei selda vöru eigi síðar en á 10. degi eftir lok sölumánaðar. Birgjar skuldbinda sig og til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok sölutímans. Sæki birgir eigi vöru sína í birgðastöð ÁTVR innan 4 starfsdaga frá því honum barst tilkynning um sölulok, verður hún send til hans á hans kostnað. Verði varan valin í kjarna, fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir.
- 4.14 Breyti birgir verði vöru í reynslusölu, skal ljúka uppgjöri á þegar seldri vöru, færa birgðir óseldrar vöru af lager og skrá hana aftur skv. reikningi birgis á nýju verði. Sala getur fyrst hafist að nýju að færslum loknum.
- 4.15 Um greiðslu fyrir vöru í kjarna fer eftir því sem um semst milli birgis og ÁTVR. Greiðslufrestur skal þó aldrei vera skemmri en til næsta greiðsludags aðfanga, en greiðsludagar ÁTVR eru 16. hvers mánaðar og síðasti dagur mánaðar. Beri greiðsludag upp á frídag er næsti vinnudagur greiðsludagur.
- 4.16 ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni - www.vinbud.is. Birgjar geta breytt verði sínu fyrsta dag hvers mánaðar þó annan virkan dag janúar. Tilkynna skal verðbreytingar skriflega eigi síðar en fimmtánda dag næsta mánaðar á undan verðbreytingardegi.
- 4.17 Berist ÁTVR boð um betra verð í vöru en samningsaðili býður, skal ÁTVR tilkynna þeim birgi, sem varan er keypt frá, að annar birgir hafi boðið sömu vöru. Jafnframt skal óska verðboðs í vöruna frá birgi og þeim, er nýtt verð bauð, enda geti sá leitt líkur að því að hann geti tryggt samfellt framboð vörunnar. Vara á nýju verði, sem þannig

er boðin, komi eigi til sölu fyrir en að liðnum 90 dögum frá því ÁTVR tilkynnti nýtt verðboð. Viðskiptum við birgi skal þó eigi slitið, hafi viðkomandi vara verið skemur en 6 mánuði á söluskrá hjá ÁTVR. Tímamörk þessi eiga ekki við, reynist vara ófánleg frá þeim birgi, sem ÁTVR hafði skipt við.

Gildistaka.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 351/2004 og nr. 1093/2004 og öðlast gildi 1. ágúst 2005.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um tegundir, sem voru í sölu 31. júlí 2005 og ekki hefðu fallið úr sölu skv. reglum nr. 351/2004, gildir eftirfarandi:

1. Vara, sem ekki hefur lokið reynslusölu, skal ljúka reynslusölnunni í samræmi við reglur nr. 351/2004.
2. Reynist reglur þær, sem nú eru settar, hagstæðari vöru við ákvörðun um framhald veru hennar í vínbúðum ÁTVR en reglur nr. 351/2004, skal beita nýrri reglunum.

Reykjavík, 22. júlí 2005.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen.

Sigurður M. Magnússon.

Sigurður Eyþórsson.

Með vísan til 10. gr. reglugerðar nr. 369/2003, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, eru reglur þessar hér með staðfestar.

Fjármálaráðuneytinu, 22. júlí 2005

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Elmar Hallgríms.

Fylgiskjal 1.**Vöruflokkar og flokksdeildir.****01 Rauðvín**

- 01.1 Vín í stærri umbúðum en 750 ml
- 01.2 Vín í minni umbúðum en 500 ml
- 01.3 Frakkland
- 01.3.1 Bordeaux
- 01.3.1.1 Medoc, Graves og Libournais chateau-vín
- 01.3.2 Búrgund
- 01.3.2.1 Beaujolais
- 01.3.2.2 Cote de Nuits og Cote de Beaune
- 01.3.3 Rón og Próvens
- 01.4 Ítalía
- 01.4.1 Norður-Ítalía
- 01.4.1.1 Toskana
- 01.4.1.2 Piemonte
- 01.4.1.3 Veneto
- 01.4.2 Suður-Ítalía
- 01.4.2.1 Sikiley
- 01.4.2.2 Puglia
- 01.5 Spánn
- 01.5.1 Rioja
- 01.5.2 Katalónía
- 01.6 Portúgal
- 01.7 Evrópa annað
- 01.8.1 Washington
- 01.8.2 Oregon
- 01.9 Kalifornía
- 01.9.1 Napa
- 01.9.2 Sonoma
- 01.10 Argentína
- 01.11 Chile
- 01.12 Suður-Afríka
- 01.13 Ástralía
- 01.13.1 Suður-Ástralía
- 01.14 Nýja-Sjáland
- 01.99 Annað

02 Hvítvín

- 02.1 Vín í stærri umbúðum en 750 ml
- 02.2 Vín í minni umbúðum en 500 ml
- 02.3 Frakkland
- 02.3.1 Bordeaux
- 02.3.2 Búrgund
- 02.3.3 Alsace
- 02.3.4 Loire
- 02.4 Ítalía
- 02.5 Spánn
- 02.6 Portúgal
- 02.7 Þýskaland
- 02.7.1 Riesling - QmP

02.8 Evrópa annað

- 02.8.1 Austurríki
- 02.9 Washington og Oregon
- 02.10 Kalifornía
- 02.10.1 Napa og Sonoma
- 02.11 Chile
- 02.12 Suður-Afríka
- 02.13 Ástralía
- 02.13.1 Nýja-Sjáland
- 02.90 Sæt hvítvín
- 02.99 Annað

03 Rósavín

- 03.1 Vín í stærri umbúðum en 750 ml
- 03.2 Blush - Roðavín
- 03.9 Önnur

04 Freyðivín

- 04.1 Champagne
- 04.2 Asti
- 04.8 Kolsýrð freyðivín
- 04.9 Önnur

05 Styrkt vín

- 05.1.1 Sérrí - Fino og skyldar tegundir
- 05.1.2 Sérrí - Amontillado og skyldar tegundir
- 05.1.3 Sérrí - Oloroso og skyldar tegundir
- 05.2.1 Púrtvín, hvít
- 05.2.2 Púrtvín, Tawny
- 05.2.3 Púrtvín, rauð
- 05.9 Önnur

06 Ávaxtavín og fl.

- 06.1 Síder
- 06.2 Ávaxtavín
- 06.3 Hrísgjónavín
- 06.7 Drykkir blandaðir kryddvíni
- 06.8 Hanastél blandað kryddvíni
- 06.9 Önnur

10 Brandí

- 10.1 Cognac
- 10.2 Armagnac
- 10.9 Annað

11 Ávaxtabrandí og hratbrandí

- 11.1 Calvados
- 11.2 Annað ávaxtabrandí
- 11.3 Hratbrandí

13 Viskí

- 13.1 Skoskt
- 13.1.1 Single Malt
- 13.2 Írskt
- 13.9 Annað

14 Romm

- 14.1 Glært karabískt romm
- 14.2 Ljóst karabískt romm
- 14.3 Dökkt karabískt romm
- 14.9 Annað

15 Tequila og fl.

- 15.1 Tequila og Mezcal
- 15.9 Annað

16 Ókryddað brennivín

- 16.1 Vodka
- 16.9 Annað

17 Einiberjabrennivín

- 17.1 Gin
- 17.2 Sénever

18 Snafs

- 18.1 Akvavít
- 18.2 Anís
- 18.9 Aðrir

20 Líkjörar

- 20.1 Rjómalíkjör
- 20.2 Hnetu- og baunalíkjör
 - 20.2.1 Kaffi/kakóflíkjör
 - 20.2.2 Kókoslíkjör
- 20.3 Grasa- og kryddlíkjör
 - 20.3.1 Mintulíkjör
 - 20.3.2 Líkjör með anísbragði
- 20.4 Ávaxtalíkjör
 - 20.4.1 Epla/perulíkjör
 - 20.4.2 Ferskju/apríkósulíkjör
 - 20.4.3 Sítruslíkjör

20.4.4 Berjalíkjör

20.9 Aðrir

21 Bitterar, kryddvín og aperítifar

- 21.1 Bitter
- 21.2 Kryddvín
 - 21.2.1 Vermút
- 21.3 Aperítifar

23 Aðrir blandaðir drykkir

- 23.1 Aðrir (alk. minna en 6,5%)
- 23.9 Aðrir

60 Lagerbjör

- 60.1 Ljós, í flöskum
 - 60.1.1 Ljós, í flöskum, íslenskur
- 60.2 Ljós, í dósum
 - 60.2.1 Ljós, í dósum, íslenskur
- 60.3 Dökkur
- 60.4 Sterkur (alk. a.m.k. 6,2%)
- 60.5 Léttur lager (alk. að 4,5%)
- 60.9 Annar

61 Öl

- 61.1 Belgía
- 61.2 Bretland og Írland
- 61.3 Þýskaland
- 61.4 Stát og portari
- 61.9 Annað

62 Annar björ

- 62.1 Hveitibjör
- 62.2 Lambik
- 62.9 Annar

Fylgiskjal 2.**Vöruvalsdeildir.**

Vöruvalsdeild	Flokksdeild	
A Rauðvín	01.1	Rauðvín - stærri en 750 ml
	01.3	Rauðvín Frakkland
	01.3.1	Rauðvín Bordeaux
	01.3.1.1	Rauðv. Medoc Graves Libournais
	01.3.2	Rauðvín Bourgogne
	01.3.2.1	Rauðvín Beaujolais
	01.3.2.2	Cote de Nuits, Cote de Beaune
	01.3.3	Rauðvín Rón og Próvens
	01.4	Rauðvín Ítalía
	01.4.1	Rauðvín Norður-Ítalía
	01.4.1.1	Rauðvín Toskana
	01.4.1.2	Rauðvín Piemonte
	01.4.1.3	Rauðvín Veneto
	01.4.2	Rauðvín Suður-Ítalía
	01.4.2.1	Rauðvín Sikiley
	01.4.2.2	Rauðvín Puglia
	01.5	Rauðvín Spánn
	01.5.1	Rauðvín Rioja
	01.5.2	Rauðvín Katalónía
	01.6	Portúgal
	01.7	Rauðvín Evrópa annað
	01.8	Rauðvín Washington, Oregon
	01.8.1	Rauðvín Washington
	01.8.2	Rauðvín Oregon
	01.9	Rauðvín Kalifornía
	01.9.1	Rauðvín Napa
	01.9.2	Rauðvín Sonoma
	01.10	Rauðvín Argentína
	01.11	Rauðvín Chile
	01.12	Rauðvín Suður-Afríka
01.13	Rauðvín Ástralía	
01.13.1	Rauðvín Suður-Ástralía	
01.14	Rauðvín Nýja Sjáland	
01.99	Rauðvín - önnur	
B Hvítvín og rósavín	02.1	Hvítvín - stærri en 750 ml
	02.3	Hvítvín Frakkland
	02.3.1	Hvítvín Bordeaux
	02.3.2	Hvítvín Búrgund
	02.3.3	Hvítvín Alsace
	02.3.4	Hvítvín Loire
	02.4	Hvítvín Ítalía
	02.5	Hvítvín Spánn
	02.6	Hvítvín Portúgal
	02.7	Hvítvín Þýskaland
	02.7.1	Hvítvín Riesling - Qmp
02.8	Hvítvín Evrópa annað	
02.8.1	Hvítvín Austurríki	
02.9	Hvítvín Washington og Oregon	
02.10	Hvítvín Kalifornía	

	02.10.1	Hvítvín Napa og Sonoma
	02.11	Hvítvín Chile
	02.12	Hvítvín Suður-Afríka
	02.13	Hvítvín Ástralía
	02.13.1	Hvítvín Nýja Sjáland
	02.90	Hvítvín - sæt
	02.99	Hvítvín - önnur
	03.1	Rósavín stærri en 750 ml
	03.2	Rósavín Blush - Roðavín
	03.9	Rósavín - önnur
C Rauðvín - BIB	01.1	Rauðvín - stærri en 750 ml
D Hvítvín og rósavín BIB	02.1	Hvítvín - stærri en 750 ml
	03.1	Rósavín stærri en 750 ml
E Smáflöskur	01.2	Rauðvín - minni en 500 ml
	02.2	Hvítvín - minni en 500 ml
	03.2	Rósavín Blush - Roðavín
	03.9	Rósavín - önnur
	04.1	Freyðivín Champagne
	04.2	Freyðivín Astí
	04.8	Kolsýrð freyðivín
	04.9	Freyðivín - önnur
F Freyðivín	04.1	Freyðivín Champagne
	04.2	Freyðivín Astí
	04.8	Kolsýrð freyðivín
	04.9	Freyðivín - önnur
G Kryddvín	21.1	Bitter
	21.2	Kryddvín
	21.2.1	Kryddvín - Vermút
H Styrkt vín	05.1.1	Sérri - Fino og skyldar tegund
	05.1.2	Sérri - Amontillado og skyldar
	05.1.3	Sérri - Olroso og skyldar teg
	05.2.1	Portvín - hvít
	05.2.2	Portvín - tunnuproskuð (Tawny)
	05.2.3	Portvín - rauð (Ruby)
	05.2.3.1	Portvín - árgangsvín, rauð
	05.9	Styrkt vín - önnur
	21.3	Apertifar
I Sterkt áfengi - hvítt	11.2	Ávaxtabrandí - annað
	11.3	Hratbrandí / Grappa
	14.1	Romm - hvítt frá Vestur-Indíum
	14.9	Romm - önnur
	15.1	Tequila
	16.1	Vodka
	16.2	Annað ókryddað brennivín
	17.1	Gin
	17.2	Sénever
	18.1	Snafs - Akvavít
	18.2	Snafs - Anís
	18.9	Snafs - annar
J Sterkt áfengi - litað	10.1	Brandí Cognac
	10.2	Brandí Armagnac
	10.9	Brandí - önnur
	11.1	Ávaxtabrandí Calvados

	13.1	Viskí - Skoskt	
	13.1.1	Viskí - Skoskt malt	
	13.2	Viskí - Írskt	
	13.9	Viskí - önnur	
	14.2	Romm - ljóst frá Vestur-Indíum	
	14.3	Romm - dökkt frá Vestur-Indíum	
	14.9	Romm - önnur	
	15.1	Tequila	
K Sterkt áfengi - blandaðir drykkir	14.4		Romm - Krydduð
	20.1	Rjómalíkjör	
	20.2	Hnetu og baunalíkjör	
	20.2.1	Kaffi/Kakó líkjör	
	20.2.2	Kókoslíkjör	
	20.3	Grasa- og kryddlíkjör	
	20.3.1	Mintulíkjör	
	20.3.2	Líkjör með anísbragði	
	20.4	Ávaxtalíkjör	
	20.4.1	Epla/Perulíkjör	
	20.4.2	Ferskju/Apríkóskulíkjör	
	20.4.3	Sítruslíkjör	
	20.4.4	Berjalíkjör	
	20.9	Aðrir líkjörar	
	21.1	Bitter	
	21.3	Apertífar	
	23.9	Blandaðir drykkir - aðrir	
L Ljós lagerbjör - flöskur	60.1	Lager - ljós í flöskum	
	60.1.1	Lager - ljós í fl. íslenskur	
	60.4	Lager - sterkur a.m.k. 6,2%	
	60.5	Lager - léttur minna en 4,5%	
M Ljós lagerbjör - dósir	60.2	Lager - ljós í dósum	
	60.2.1	Lager - ljós í dósum íslenskur	
	60.4	Lager - sterkur a.m.k. 6,2%	
	60.5	Lager - léttur minna en 4,5%	
N Annar björ	06.3	Hrísgrjónavín	
	60.3	Lager - millidökkur/dökkur	
	60.4	Lager - sterkur a.m.k. 6,2%	
	60.5	Lager - léttur minna en 4,5%	
	60.9	Lager - annar	
	61.1	Öl - Belgía	
	61.2	Öl - Bretland og Írland	
	61.3	Öl - Þýskaland	
	61.4	Öl - Stát og portari	
	61.9	Öl - annað	
	62.1	Hveitibjör	
	62.2	Lambik	
	62.9	Annar björ	
O Aðrar tegundir	06.1	Síder	
	06.2	Ávaxtavín	
	06.7	Drykkir blandaðir kryddvínnum	
	06.8	Hanastél blönduð kryddvínnum	
	06.9	Ávaxtavín - blöndur	
	21.3	Apertífar	
	23.1	Blandaðir drykkir - undir 6,5%	
	23.9	Blandaðir drykkir - aðrir	

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Rannveigar Ingimundardóttur og Sigfúsar Bjarnasonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðs Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason nam við stofnun hans 29. desember 1986 kr. 3.000.000, þremur milljónum króna. Eigið fé sjóðsins nemur þann 13. júní 2005 kr. 42.851.102 -fjörtíuogtveimurmilljónum-áttahundraðfimmtíuogeitþúsundeitthundraðogtveimurkrónum- og skal það mynda höfuðstól. Höfuðstóllinn skal hækka um fjárhæðir, sem síðar kunna að berast sjóðnum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að stuðla að rannsóknum á sviði hugvísinda og raunvísinda, þ.m.t. í því skyni að efla tengsl milli atvinnulífs og æðri menntunar.
2. Að hlúa að menningarstarfi og listiðkun.
Þetta skal m.a. framkvæmt með styrkveitingum, þ.m.t. námsstyrkjum, útgáfustarfsemi o.s.frv.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er lagt fram sem bankainnstæða. Sjóðurinn skal ávaxtaður með bestu kjörum, sem hægt er að ná á hverjum tíma að mati stjórnar sjóðsins. Raunvaxtatekjum sjóðsins má verja samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt ákvörðun stjórnar hans.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum.

Í sjóðsstjórn skulu sitja bræðurnir Sverrir og Sigfús Sigfússynir. Skulu þeir jafnframt tilnefna varamann fyrir sig. Þriðji maður er oddamaður og formaður sjóðsstjórnar. Skal hann tilnefndur af þeim bræðrum og annar til vara en komist þeir ekki að samkomulagi skal óskað tilnefninga dómstjórnans við héraðsdóm Reykjavíkur.

Sjóðsstjórnin skal halda fundargerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.

Formaður sjóðsstjórnar skal árlega sinna lögboðinni tilkynningaskyldu í samræmi við fyrirsmæli laga þ.a.l., nú laga nr. 19/1988.

8. gr.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

9. gr.

Aðalfundur skal haldinn einu sinni ári. Á aðalfundi skal oddamaður kjörinn í stjórn og endurskoðaður ársreikningur undanfarandi árs lagður fram.

Rétt til setu á aðalfundi hafa stjórnarmenn skv. 7. gr.

Að öðru leyti hittist stjórnin eftir þörfum. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi Minningarsjóðsins en þarf þá aukinn meiri-hluta til eða 2/3 hluta stjórnar.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár sjóðs Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni sbr. 10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Breytingar þessar taka gildi frá og með 15. júlí 2005. Stjórnarmenn skv. 2. mgr. 7. gr. skulu koma saman eigi síðar en 10. júlí 2005 og tilnefna oddamann, formann sjóðsstjórnar og varamenn sína.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Anna M. Karlsdóttir.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 866/2000 um aðskilnað fjarskiptaneta og kapalkerfa fyrir sjónvarp sem er í eigu sama lögaðila.**

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 75. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti með síðari breytingum staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytinu, 15. júlí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits á Norðurlandssvæðis eystra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald kr. 6.350

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 6.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,
úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra gefur út samkvæmt fyrir-
liggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra er heilbrigðis-
eftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé
að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og
mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra hefur eftirlit með samkvæmt
samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá
þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem
fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og meng-
unarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir
reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á
einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins
skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga
nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við
birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 836/2004 fyrir heilbrigðis- og
mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

Akureyri, 20. júlí 2005.

F. h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra,

Valdimar Brynjólfsson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

	1. flokkur	kr. 3.969	85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglinga
Ísat-númer			85.32.2.3	Gæsluvellir
01.42.0.1	Hundahótel		92.61.0.7	Íþróttavellir
20.30.9.4	Trésmíðaaðstaða		92.61.0.8	Skíðasvæði og skíðaskálar án sölu óvarinna matvæla
25.21.0.2	Vinnsla með plast og frauðefni-lítill		92.72.0.1	Skotvellir
31.62.0.1	Rafvéla verkstæði		93.01.0.1	Þvottahús
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða fyrir bifreiðar og vélar			Annað sambærilegt.
50.20.1.0	Bón og bílaþvottur – handvirkur			
52.49.1.0	Gæludýraverslun			
55.21.0.2	Fjallaskálar			
55.22.0.1	Tjaldstæði-lítið			
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.		05.02.2.0	Land- og kvíaeldi
80.42.2.0	Tónlistarskólar		15.20.2.0	Saltfiskverkun
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla		15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski- miðlungs
85.12.2.1	Læknastofur		15.31.0.0	Kartöfluvinnsla-pökkun
85.20.0.1	Dýralæknastofur		15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs
85.32.1.1	Dagvist í heimahúsum >6 börn í vistun		15.71.2.0	Framleiðsla fiskeldisfóðurs
91.31.1.1	Kirkjur án safnaðarheimilis		15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli
92.34.0.1	Dansskólar		20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar
92.53.0.1	Húsdýragarðar		22.22.9.1	Prentiðnaður lítill
92.62.1.1	Reiðskólar		24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla
92.62.1.2	Hestaleigur		25.13.0.1	Gúmmívinnsla
	Annað sambærilegt.		25.21.0.1	Framleiðsla á plötum og rörum úr plasti
			25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasti
			26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum
			26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu
			28.52.0.1	Blikksmíði
			29.11.0.0	Vélsmíða- og viðgerðarverkstæði
			29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði
			40.10.0.1	Spennistöðvar
			41.00.0.6	Vatnsveitur < 1.000 íbúar
			50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði – miðlungs
			50.20.0.8	Bifreiðaréttingar
			50.20.0.9	Bón- og bílaþvottur – sjálfvirk
			50.20.0.14	Verkstæði fyrirtækja
			50.30.0.1	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru
			51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu
			52.31.0.0	Apótek
			52.33.0.1	Snyrtivöruverslanir
			52.46.1.2	Byggingavöruverslanir – litlar
			52.49.9.1	Véla- og tækjasölu
			52.49.9.4	Sala eiturefna- og hættulegra efna
			52.50.0.0	Smásala með notaða muni í verslunum
			55.12.0.2	Gistiheimili, gistiskálar og heimagisting án veitingasölu – miðlungs
			55.22.0.3	Tjaldsvæði – stór
			63.12.0.1	Vörugейmslur – litlar
			63.12.0.5	Kæli- og frystigeymslur
			63.12.0.7	Gasbirgðastöðvar
			80.10.0.1	Grunnskólar án mótuneytis
	2. flokkur	kr. 7.938		
01.41.3	Garðaúðun			
01.41.34	Meindýraeyðing			
15.20.6.1	Aðstaða til vinnslu á ferskum fiski			
20.30.9.3	Trésmíðaverkstæði án lökkunar – lítið (1-2 starfsmenn)			
22.22.1.0	Offsetprentun – lítill			
41.00.0.7	Einkavatnsveitur (rannsóknargjald leggst við)			
50.20.0.1	Bifreiða – og vélaverkstæði – lítið (1-2 starfsmenn)			
50.20.1.4	Hjólbarðaverkstæði			
55.12.0.1	Gistiskálar og heimagisting án veitingasölu – lítill			
55.21.0.1	Farfuglaheimili			
55.22.0.2	Tjaldstæði – miðlungs			
55.23.0.2	Orlofshúsasvæði, bændagisting án veitingasölu			
55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur			
85.11.4.4	Vistheimili			
85.11.4.5	Endurhæfing			
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun			
85.14.9.3	Yoga-stofur, heilun o.fl.			
85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen			
85.20.0.3	Dýraspítalar			

80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi án mötuneytis	50.30.0.3	Bílapartasölur
80.30.0.1	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	50.50.0.0	Bensínstöðvar – sjálfvirkar
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar – litlar	50.50.0.1	Bensínstöðvar án sölu óvarinnar matvöru
85.13.1.1	Tannlæknastofur	52.11.3.1	Söluturnar án sölu óvarinna matvæla
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	52.25.0.0	Áfengisverslanir
85.14.9.4	Húðflúrstofur	52.46.1.1	Byggingavöruverlanir – stórar
85.14.9.5	Húðgötun	52.46.2.1	Málningarvöruverlanir
85.32.2.1	Leikskólar án mötuneytis	52.49.9.3	Smásala efna í flokkum X, A og B
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi án sölu óvarinna matvæla	55.23.0.1	Bændagisting með veitingasölu
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	55.30.1.7	Matsöluvagnar
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélaga	55.40.0.4	Samkomusalir með móttökueldhúsi
91.13.0.1	Kvikmyndahús	55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi – lítil og miðlungs
92.31.0.1	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	63.12.0.3	Vörugemyslur stórar
92.61.0.4	Íþróttahús lítil	63.23.0.2	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu
93.01.0.2	Efnalaugar	74.81.0.1	Framköllunarþjónusta- sérhæfð
93.02.0.1	Hárgreiðslu- og hársnyrtistofur	74.81.0.2	Ljósmyndastofur með framköllum
93.02.0.2	Snyrtistofur	75.23.0.1	Fangelsi – lítil
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar án heitra potta	80.21.0.4	Sumarbúðir
93.04.0.7	Sólbaðsstofur án heitra potta	85.11.1.1	Sjúkrahús – lítil / án mötuneytis
93.04.0.9	Nuddstofur	85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili án mötuneytis
	Annað sambærilegt	85.12.1.2	Heilsugæslustöðvar, stórar
		90.00.0.4	Gámastöð
		90.00.0.5	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
		90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig við flutning og hreinsun á seyru
		92.61.0.5	Íþróttahús – miðlungs og stór/ ásamt íþróttavöllum
		93.04.0.5	Líkamsræktarstöðvar með heitum pottum
		93.04.0.8	Sólbaðsstofur með heitum pottum
			Annað sambærilegt
			5. flokkur kr. 30.163
		01.23.0.1	Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur
		01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði
		05.02.1.1	Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn
		05.02.4.0	Eldi sjávardýra
		15.11.0.1	Sláturhús – stór
		15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski – stór
		15.20.8.0	Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttar – lítil
		15.81.0.2	Bakarí – lítil
		15.82.0.2	Kökugerðir – litlar
		15.85.0.2	Framleiðsla vöru til matvælavinnslu
		15.87.0.2	Krydd- og bragðefnaframleiðsla og þökkun
		24.30.0.1	Málningarverksmiðjur
01.25.2.0	Loðdýrabú		
05.02.1.2.	Seiðaeldisstöðvar >150. þús seiði og afrennsli í ferskvatn		
14.21.0.0	Malar- og sandnám		
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla ofanburðar		
14.30.0.0	Nám og vinnsla á steinefnum til lífefnaíðnaðar og áburðargerðar		
15.11.0.1	Sláturhús – lítil		
15.20.5.0	Harðfiskverkun		
15.42.0.2	Mórbraðsla og tólgarframleiðsla		
20.10.0.1	Fúavörn á viði		
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun		
22.21.0.0	Prentun dagblaða		
22.22.9.3	Prentiðnaður – stór		
22.22.9.4	Prentiðnaður með framköllum		
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu		
28.51.0.0	Meðferð og húðun málma		
37.20.0.1	Endurvinnsla úrgangs		
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.000-5.000 fbúa		
50.20.0.4	Bifreiða og vélaverkstæði stórt / eða með lökkun		
50.20.0.7	Bifreiðasprautun		
50.20.1.1	Ryðvarnarverkstæði		
50.20.1.2	Smurstöðvar		
50.30.0.2	Bifreiðavaraahlutaverslanir, mikið af efnavöru		

24.51.0.1	Hreinlætisvöruveksmiðjur	75.23.0.3	Fangelsi – stór
35.11.0.1	Stálsmiði og stálskipagerð	80.10.0.3	Grunnskólar með fullbúið eldhús
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.000 – 10.000 íbúar	80.21.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með fullbúið eldhús
51.31.0.2	Heildverslanir með ávexti og grænmeti	80.30.0.3	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúið eldhús
51.36.0.0	Heildverslanir með sykur, súkkulaði og sælgæti	85.32.2.2	Leikskólar með fullbúið eldhús
51.39.0.2	Heildverslanir með önnur matvæli, drykkjarvörur og tóbak	85.32.6.2	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúið eldhús
51.44.2.0	Heildverslanir með hreingerningarefni	92.31.0.3	Leikhús með fullbúið eldhús
51.45.0.1	Heildverslanir með snyrtivöru		Annað sambærilegt.
51.55.0.1	Heildverslanir með eitrefni og hættuleg efni		
52.11.2.4	Matvöruverslanir án vinnslu – litlar	7. flokkur	kr. 53.975
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli – litlir	15.13.0.1	Kjötvinnsur – litlar
52.24.0.1	Smásala á brauðum, kökum og sætabrauði án vinnslu	15.20.8.2	Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarrétta – stór
55.12.0.3	Gististaðir án veitingasölu – stórir	52.11.2.5	Matvöruverslanir án vinnslu – miðlungs
55.30.1.8	Brauðstofur	52.11.3.4	Söluturnar með óvarin matvæli –stórir
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	52.23.0.1	Fiskbúðir – litlar
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – lítil	52.24.0.2	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi – stór	55.30.1.4	Skyndibitastaðir – litlir
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat – lítil starfsemi	55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu
75.23.0.2	Fangelsi – miðlungs	55.40.0.2	Krár, kaffihús án matsölu
80.10.0.2	Grunnskólar með móttökueldhúsi	55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – stór
80.21.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með móttökueldhúsi	55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat – miðlungs starfsemi
85.30.0.2	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	92.61.0.1	Sundstaðir – litlir
85.11.1.2	Sjúkrahús – miðlungs/með móttökueldhúsi		Annað sambærilegt
85.11.4.2	Dvalar- og hjúkrunarheimili – miðlungs/með móttökueldhúsi	8. flokkur	kr. 62.800
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	15.13.0.4	Kjötvinnsur með reykingu – litlar
85.32.6.1	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	15.33.0.2	Salatgerð
92.31.0.2	Leikhús með móttökueldhúsi	15.43.0.0	Smjörlíkisgerð
	Annað sambærilegt	15.81.0.3	Bakarí – miðlungs
		15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð
		15.86.0.0	Te- og kaffiframleiðsla
		15.96.0.0	Bjórgerð
		15.98.0.2	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja
6. flokkur	kr. 43.180	50.50.0.3	Bensínstöðvar með veitingasölu
15.20.4.1	Heitloftsþurrkun fiskafurða	52.11.2.1	Matvöruverslanir með vinnslu – litlar
15.20.8.1	Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarrétta miðlungs	52.11.2.6	Matvælaverslun án vinnslu – stór
15.82.0.1	Kexverksmiðjur	52.23.0.3	Fiskbúðir – stórar
15.82.0.4	Kökugerðir – stórar	52.24.0.3	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu
41.00.0.3	Vatnsveitur > 10.000 íbúar	55.11.0.2	Hótel með veitingasölu – miðlungs
50.50.0.2	Bensínstöðvar með matvöru	55.30.1.1	Matsölustaðir – litlir
52.11.3.3	Söluturnar með óvarin matvæli –miðlungs	55.30.1.5	Skyndibitastaðir – miðlungs
55.11.0.1	Gististaðir með veitingasölu – litlir	55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu
55.40.0.5	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat – stór
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – miðlungs	92.61.0.2	Sundstaðir – miðlungs
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar		Annað sambærilegt

	9. flokkur	kr. 77.975	52.11.2.3	Matvöruverslanir með vinnslu – stórar
15.13.0.2	Kjötvinnsur – miðlungs		55.30.1.3	Matsölustaðir stórir
15.51.0.1	Mjólkurbú		85.11.1.3	Sjúkrahús, stór með fullbúnu eldhúsi Annað sambærilegt
15.81.0.4	Bakarí – stór			
52.11.1.2	Stórmarkaðir án matvælavinnslu			
52.11.2.2	Matvöruverslun með vinnslu – miðlungs			11. flokkur
				kr. 114.675
55.30.1.2	Matsölustaðir – miðlungs		15.13.0.3	Kjötvinnsur stórar
55.30.1.6	Skyndibitastaðir – stórir		55.11.0.3	Hótel með veitingasölu – stór Annað sambærilegt
85.11.4.3	Dvalar- og hjúkunarheimili – stór/með fullbúnu eldhúsi			12. flokkur
				kr. 127.375
92.61.0.3	Sundstaðir stórir Annað sambærilegt		15.13.0.6	Kjötvinnsur með reykingu – stórar
			15.51.0.0	Mjólkurbú og ostagerð
15.13.0.5	Kjötvinnsur með reykingu – miðlungs		52.11.1.1	Stórmarkaðir með matvælavinnslu Annað sambærilegt

REGLUGERÐ

um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til starfsemi rannsóknarnefndar umferðarslysa.

Lögsaga rannsóknarnefndar umferðarslysa tekur til íslensks yfirráðasvæðis.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal láta til sín taka umferðarslys, sem skilgreind eru í A - C lið.

A. Til umferðarslysa samkvæmt lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa skulu teljast öll banaslys í umferðinni, auk slysa sem hafa í för með sér alvarleg meiðsl á fólki.

Með *banaslysum* er átt við þau umferðarslys þegar einstaklingur lætur lífið innan 30 daga frá þeim degi er slysið varð, enda verði banamein hans að nokkru eða öllu leyti rakið til slyssins.

Með slysum sem hafa í för með sér *alvarleg meiðsl á fólki* er átt við meiðsl sem einstaklingur hefur hlotið í umferðarslysi og valda beinbroti, heilahristingi, sköddun á innri líffærum, skurðsárum sem af leiðir alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum, og sérhver önnur alvarleg meiðsl sem leiða til sjúkrahúsvistar sem varir lengur en 6 klukkustundir og hefst innan 7 daga frá því að einstaklingurinn slasaðist.

B. Til umferðarslysa samkvæmt lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa skulu einnig teljast slys í umferðinni, sem falla utan skilgreininga samkvæmt A lið, þ.e. slys þar sem lítil meiðsl hafa orðið og/eða eingöngu eignatjón, en sem falla undir *sama flokk* eða teljast *af sama tagi*, svo sem;

- i) þegar mörg slík slys hafa orðið við tiltekna aðstæður á afmörkuðum tíma, s.s. á tilteknum vegarkafla eða gatnamótum,
- ii) þegar mörg slík slys hafa orðið við notkun tiltekinna tegunda ökutækja á afmörkuðum tíma,
- iii) þegar mörg slík slys virðist mega rekja til tiltekins hóps ökumanna á afmörkuðum tíma,

iv) önnur slík slys sem teljast af sömu rót runnin eða virðist mega rekja að öðru leyti til sambærilegra atvika.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ákveður hvenær fjöldi slysa skv. B lið gefur tilefni til að taka slík slys til sérstakrar rannsóknar.

C. Rannsóknarnefnd umferðarslysa getur ákveðið að taka til rannsóknar einstök slys sem ekki falla undir A eða B lið, ef talið er að þýðingu hafi fyrir almennt umferðaröryggi.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ákveður sjálf hvort og hvernig háttað skuli rannsókn einstakra umferðarslysa eða tegunda umferðarslysa, sem skilgreind eru í A - C lið, að teknu tilliti til fjárveitinga til nefndarinnar.

2. gr.

Útbúnaður, tæki og þjálfun.

Forstöðumaður rannsóknarnefndarinnar skal afla þess búnaðar, tækja og þjálfunar sem nauðsynleg er rannsakendum til vettvangsrannsókna.

Forstöðumaður rannsóknarnefndarinnar, nefndarmenn og annað starfslið nefndarinnar skulu, eftir því sem fjárveitingar leyfa, sækja námskeið er lúta að rannsóknartækni umferðarslysa, til viðhalds kunnáttu sinni og færni.

3. gr.

Persónuskilríki nefndarmanna, forstöðumanns (rannsóknarstjóra) o.fl.

Samgönguráðherra skal láta forstöðumanni í té persónuskilríki til sönnunar um réttarstöðu hans og heimildir í störfum. Rannsóknarnefndin getur óskað þess að tilteknir nefndarmenn fái samskonar skilríki til notkunar við vettvangsrannsóknir.

Forstöðumaður getur látið öðrum nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar og sérfræðingum á hennar vegum í té sérstök skilríki til staðfestingar á heimildum þeirra vegna starfa fyrir nefndina, eftir því sem þörf krefur.

4. gr.

Nefndarfundir o.fl.

Formaður nefndarinnar boðar fundi og stjórnar þeim. Hann getur þó falið forstöðumanni nefndarinnar að annast fundarboðun.

Ákvarðanir nefndarinnar skulu teknar á fundum. Ákvarðanir um niðurstöðu mála og aðrar mikilvægar ákvarðanir skulu ekki teknar nema að öllum nefndarmönnum hafi gefist kostur á að sækja fund.

Nefndin heldur fundi eftir þörfum.

Ef nefndarmaður forfallast um stundarsakir tekur varamaður hans sæti í nefndinni.

Nefndin heldur fundargerðabók.

5. gr.

Ábyrgð á skýrslum nefndarinnar.

Forstöðumaður er ritstjóri ársskýrslu nefndarinnar.

Forstöðumaður skal rita undir skýrslur nefndarinnar, þ.m.t. ársskýrslur, f.h. nefndarinnar.

6. gr.

Birting skýrslna hjá nefndinni.

Ársskýrslur rannsóknarnefndar umferðarslysa og skýrslur nefndarinnar um rannsóknir einstakra mála skulu teljast réttilega birtar um leið og þær eru gerðar aðgengilegar almenningi á heimasíðu nefndarinnar og á skrifstofu nefndarinnar.

Þegar ársskýrslur nefndarinnar eða skýrslur nefndarinnar um rannsóknir einstakra mála

hafa að geyma ákveðnar tillögur um úrbætur í umferðaröryggismálum er nefndinni rétt að vekja sérstaka athygli viðeigandi aðila á innihaldi þeirra.

7. gr.

Varsla málgagna.

Rannsóknarnefndin skal varðveita í öruggum geymslum gögn sem þýðingu hafa við rannsókn máls.

Meðferð og vinnsla nefndarinnar á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga með síðari breytingum. Skal nefndin setja sér sérstakar reglur í því skyni.

8. gr.

Sérstakar skyldur forstöðumanns.

Forstöðumaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar. Hann sér til þess, að rannsóknaraðferðir nefndarinnar séu byggðar á vísindalegum grunni og að rannsóknar-gögn séu varðveitt á ábyrgan hátt.

Forstöðumaður ber ábyrgð á fjármálum og bókhaldi nefndarinnar, þ. á m. að starfsemi nefndarinnar sé í samræmi við það sem fjárveitingar nefndarinnar leyfa. Hann skal gera fjárhagsáætlun fyrir starfsemi nefndarinnar hvert ár í samráði við formann nefndarinnar. Fjárhagsáætlun skal kynnt nefndinni áður en hún er send til samgönguráðuneytisins. Forstöðumaður ber ábyrgð á gerð ársreiknings nefndarinnar.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga nr. 24/2005 um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Reglugerðin tekur gildi 1. september 2005 og jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 681/1998, um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Samgönguráðuneytinu, 20. júlí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005.

1. gr.

Í stað „62“ kr. í kafla 3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk komi: „60“ kr.

2. gr.

Í stað fjárhæða vegna dagpeninga innanlands í kafla 3.2 Frádráttur á móti dagpeningum komi:

Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	16.500 kr.
Fyrir gistingu í eina nótt	10.800 kr.
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.700 kr.
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.850 kr.

3. gr.

Reglur þessar, eru settar með heimild í 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 26. júlí 2005.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Elmar Hallgríms.

REGLUGERÐ

um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti.

1. gr.

Innheimta verðmiðlunargjalds.

Greiða skal verðmiðlunargjald af kindakjöti, sem ætlað er til sölu á innlendum markaði sem nemur kr. 5,00 á kg. Tekjum af gjaldinu skal varið til verkefna skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Bændasamtök Íslands annast álagningu gjaldsins samkvæmt söluskýrslum afurðastöðva og innheimta það mánaðarlega hjá afurðastöðvunum. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytanda ber honum að standa skil á gjöldum þessum til Bændasamtaka Íslands. Gjaldalagi er 25. dagur næsta mánaðar eftir sölu og eindagi 30 dögum síðar.

Verðmiðlunargjald kindakjöts er aðfararhæft.

2. gr.

Skipting tekna milli verkefna.

Markaðsráð kindakjöts sem er samstarfsvettvangur bænda og sláturleyfishafa skal gera tillögu til landbúnaðarráðherra um skiptingu árlegra tekna af verðmiðlunargjaldi milli eftirfarandi verkefna fyrir 1. mars ár hvert.

Skipta skal tekjum af verðmiðlunargjaldi milli eftirfarandi verkefna:

1. Markaðs- og kynningarstarfsemi
2. Jöfnunar á flutningskostnaði kindakjöts
3. Jöfnunar á flutningskostnaði á sláturfé.

Verja skal að hámarki 65% af árlegum tekjum til markaðsstarfs, að hámarki 35% til jöfnunar á flutningskostnaði kindakjöts og að hámarki 20% til jöfnunar á flutningskostnaði sláturfjár.

Aldrei má ráðstafa meiru en árstekjum af verðmiðlunargjaldi samanlagt til ofangreindra verkefna.

Beina skal umsóknnum um styrki til Bændasamtaka Íslands sem hafa umsjón með greiðslu gjaldsins. Umsóknnum um styrki til jöfnunar á flutningskostnaði skulu fylgja gögn sem staðfesta magn og vegalengd.

3. gr.

Styrkir til markaðs- og kynningarmála.

Markaðsráð kindakjöts metur þörfina fyrir markaðs- og kynningarstarfsemi hverju sinni. Við mat og framkvæmd á verkefnum skal m.a. gætt eftirfarandi:

1. Velja skal að öðru jöfnu verkefni sem nýtast öllum afurðastöðvum óháð legu þeirra og stærð.
2. Nýta skal hagkvæmni stærðar til þess að ná niður kostnaði við hvert einstakt verkefni.

4. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar kindakjöts.

Reikna skal hámark flutningsjöfnunar frá sláturstað til aðalmarkaðar þannig:

1. Sláturleyfishafi ber allan kostnað við flutning kindakjöts fyrstu 100 km ef flutt er landveg og hliðstætt hlutfall ef flutt er sjóveg. Lestun og losun er innifalin í þessum kostnaði.
2. Fyrir hvern ekinn km sem flutt er umfram 100 km greiðist flutningsjöfnun, kr. 1,35 pr. kg kjöts að meðaltali á hverja 100 km. Sama fjárhæð greiðist þótt flutt sé sjóleiðis milli sömu staða.
3. Fari styrkþörf samkvæmt þessari grein fram úr ráðstöfunarfé eftir skiptingu sem ákveðin hefur verið skv. 2. gr., skal lækka styrki hlutfallslega jafnt til allra aðila.

5. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar á sláturfé.

Reikna skal flutningsjöfnun frá framleiðendum til afurðastöðva á eftirfarandi hátt:

1. Flutningsjöfnun greiðist á sláturfé sem kemur af lögbýlum sem eru í 200 km fjarlægð eða meira frá næsta sláturhúsi. Þó skal flutningsjöfnun greiðast að næsta sláturhúsi sem hefur leyfi til útflutnings kjósi bóndi að slátra þar.
2. Flutningsjöfnunarframlag er að hámarki 1 kr. á hvern km sem hverri kind er ekið til slátrunar.
3. Til að fá greidda flutningsjöfnun skal sláturleyfishafi leggja fram yfirlit yfir fjölda sláturfjár sem flutt hefur verið frá hverju lögbýli og sótt er um flutningsjöfnun fyrir, ásamt dagsetningu flutnings. Umsókn um flutningsjöfnun skal berast innan þriggja mánaða frá því að flutningur átti sér stað.

6. gr.

Nægi fjármunir þeir sem ætlaðir eru til flutningsjöfnunar samkvæmt reglugerð þessari ekki til að greiða að fullu þá upphæð sem umsóknir nema í heild, skal skerða öll framlög hlutfallslega jafnt.

7. gr.

Með mál út af brotum skal farið sem opinber mál. Varða brotin sektum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 598/2000 um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. júlí 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á skrá Vestmannaeyjabæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt eldri auglýsingu Vestmannaeyjabæjar, nr. 103/2005, frá síðastliðnum janúarmánuði, féllu 2,5 stöðugildi sjúkraliða á Hraunbúðum undir undanþáguskrá, skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986. Með þessari auglýsingu er áður auglýstri undanþáguskrá nú breytt á þann veg að ekkert stöðugildi sjúkraliða fellur þar undir.

Sá hluti eldri auglýsingarinnar frá síðastliðnum janúarmánuði er snýr að sjúkraliðum er þar með fallinn úr gildi.

Vestmannaeyjum, 13. júlí 2005.

Viktor S. Pálsson, framkvæmdastjóri stjórnssýslu- og fjármálasviðs.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Miðengis, Farborgir, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið nær til 63 ha svæðis, 58 lóðir að stærð 5.400 til 12.100 fm.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 15. júlí 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 396 27. júní 1997.

1. gr.

2. mgr. 3. gr., orðast svo:

Lögreglustjórinn í Reykjavík skal að jafnaði annast rannsókn mála vegna ólöglegs innflutnings ávana- og fíkniefna um Keflavíkurflugvöll. Settar skulu verklagsreglur um verkaskiptingu, samvinnu og samskipti lögreglustjórans í Reykjavík og lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 8. gr. og 40. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júlí 2005.

Björn Bjarnason.

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um framleiðslu, innflutning og heilidsölu áfengis í atvinnuskyni, nr. 176 17. mars 1999.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir e-lið kemur nýr stafliður er orðast svo:
fyrirtækja til iðnaðarnota;
- b. f-liður verður g-liður.
- c. g-liður verður h-liður.

2. gr.

13. gr. orðast svo:

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 5. gr. áfengislaga nr. 75 15. júní 1998, sbr. 1. gr. laga nr. 40 13. maí 2005, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júlí 2005.

Björn Bjarnason.

Ásgerður Ragnarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Álversins í Straumsvík, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 30. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi Álversins í Straumsvík. Breytingin felst í að aðkomu að svæðinu verður breytt og nýtt hlið og hliðahús verður reist. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 19. júlí 2005.

Helga Stefánsdóttir verkefnisstjóri.

AUGLÝSING

um skipulagsmál á Fljótsdalshéraði.

Deiliskipulag vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 5. janúar 2005 deiliskipulag fyrir stækkun Lagarfossvirkjunar á Fljótsdalshéraði. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir stækkun virkjunarinnar úr 7,5 mW í allt að 20 mW, en í þeirri stækkun felst m.a. stækkun stöðvarhúss, breikkun og dýpkun aðrennslisskurðar, vega- og brúargerð, auk aðstöðu fyrir verktaka meðan á framkvæmdum stendur.

Deiliskipulag Fljótsdalslína 3 og 4 í Skriðdal.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 29. júní 2005 deiliskipulag fyrir Fljótsdalslínu 3 og 4 í Skriðdal. Deiliskipulagssvæðið nær til um 300-400 m breiðs beltis meðfram línunum í Skriðdal, fyrir tvær samsíða 420 kV háspennulínur, frá austurhlíð Hallormsstaðaháls að mynni Hallsteinsdals og Þórudals í Skriðdal, ásamt Teigarhornslínu 1 og Kröflulínu 2, helgunarsvæðis þeirra, línuvega, aðveitustöðvar, breyttrar legu þjóðveggar, trjáræktar í línustæði, trjáræktar tengdrar mótvægisadgerðum og skógræktarsvæði skv. áætlun Héraðsskóga.

Breyting á deiliskipulagi Selbrekku, 2. áfangi - efra svæði, Egilsstöðum.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 15. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Selbrekku, 2. áfangi - efra svæði á Egilsstöðum. Breytingin gerir ráð fyrir að bæta við 15 einbýlishúsalóðum með því að framlengja Egilssel, Dalsel, byggja nyrst við Selbrekku á móts við vatnsverndarsvæðið og breyta lóðunum austan Bjarkarsels úr raðhúsa/parhúsalóðum í 9 einbýlishúsalóðir. Gert er ráð fyrir akfærri aðkomu að vatnsmiðlunartanki, jafnframt breytist lóðarstærð og hámarkshæð mannvirkis á lóðinni. Gert er ráð fyrir nýjum göngu-leiðum/stígum á svæðinu.

Ofangreind skipulagsmál hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 19. júlí 2005.

Ómar Þ. Björgólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um skrá Stykkishólmsbæjar skv. 6.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Stykkishólmsbær:	Bæjarstjóri.	Skipulags-og byggingarfulltrúi.
	Bæjarritari.	Slökkviliðsstjóri.
	Skólastjóri grunnskóla.	Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar.
	Aðstoðarskólastjóri grunnskóla.	Skólastjóri Tónlistarskóla.
	Skólastjóri leikskóla.	Forstöðumaður bókasafns.
	Starfsmaður launadeildar.	Forstöðumaður Félagsmiðstöðvar.

Skrá þessi tekur þegar gildi.

Stykkishólmi, 18. júlí 2005.

Þór Örn Jónsson bæjarritari.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Austurbyggðar.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Austurbyggðar er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Valdsvið sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn Austurbyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar samkvæmt lögum.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Helstu verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Austurbyggðar er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunar-fyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Fundarhöld.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 og vera haldnir í ráðhúsinu á Fáskrúðsfirði. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Fyrsti fundur.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfunda.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins, sbr. þó 14. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Auglýsing funda.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Dagskrá funda.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

12. gr.

Fundarboðun.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Auglýsing dagskrár.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Aukafundur.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins skal boða sveitarstjórnarmenn símleiðis til aukafundar í sveitarstjórn a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Oddvitakjör.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Skrifarar.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Opinn eða lokaður fundur.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnaði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Lögmæti fundar.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Fundarstjórn.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Afgreiðsla mála samkvæmt dagskrá.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Tvær umræður.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdáætlanir.
5. Tilkyppingu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Skyldur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmat forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann boða varamann sinn á fund og jafnframt tilkynna forföll til sveitarstjóra sveitarfélagsins. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins skal sitja fundum sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Vanhæfi sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra sveitarfélagsins né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Málfrelsi, tillögu- og atkvæðisréttur.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra sveitarfélagsins, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Fundarsköp.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri sveitarfélagsins, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Vítur.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigsalum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Ræðutími.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Breytingartillögur.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra sveitarfélagsins. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Framkvæmd atkvæðagreiðslu.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Atkvæðavægi í atkvæðagreiðslu og kosningum.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Fundargerð sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er

haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Fundarsókn.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í byggðarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hagsmunir sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Atkvæðisréttur.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra sveitarfélags skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bókanir.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Þagnarskylda.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Lausn frá störfum.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Fundartími.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Kosningar og kjörgengi.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í byggðarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Fulltrúar í byggðarráði.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarmenn í byggðarráð til eins árs. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð. Varamenn í byggðarráði eru þeir aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórn, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarmaður og kjörinn í byggðarráðið.

Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn byggðarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skyld er sveitarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í hverjum mánuði annan og fjórða fimmtudag kl. 17.00. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri sveitarfélagsins, formaður byggðarráðsins eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Fundarboðun byggðarráðs.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðsins. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann sinn á fund og jafnframt tilkynna forföll til sveitarstjóra.

47. gr.

Formaður og fundargerð byggðarráðs.

Á fyrsta fundi nýkjörins byggðarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara byggðarráðsins. Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins. Heimilt

er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs. Um ritun fundargerða byggðarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Verkefni byggðarráðs og valdsvið.

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur umsjón með stjórnýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Byggðarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða við sveitarstjóra sveitarfélagsins um slíka afgreiðslu. Byggðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur sveitarstjórn falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Starfsmenn á fundi byggðarráðs.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Fyrsti fundur – formenn nefnda.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Varamenn í nefndum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmet forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Lokaðir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka

starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Fundarstjórn nefnda og ráða.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Vald nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Fundargerðir nefnda og ráða.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Sveitarstjórnarafgreiðsla.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðsins og/eða sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar byggðarráðsins og/eða sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir byggðarráðið og/eða sveitarstjórnina.

57. gr.

Lögboðnar nefndir.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Byggðarráð.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Ráðið fylgist með atvinnulífi byggðarlagsins og gerir úttekt á stöðu þess ár hvert. Það leitar upplýsinga og gerir tillögur til eflingar og fjölbreytni í atvinnulífi og hvetur einstaklinga og félög til virkrar þátttöku. Þá fer byggðarráð einnig með málefni húsnæðismála samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Auk þess getur byggðarráð skipað starfshópa í sérstök verkefni sem lúta að atvinnumálum.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Yfirkjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 3. mgr. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Yfirkjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og laga um kosningar til Alþingis.
2. *Undirkjörstjórn Fáskrúðsfirði.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 3. mgr. 15. gr.

laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Yfirkjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og laga um kosningar til Alþingis.

3. *Undirkjörstjórn Stöðvarfirði*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 3. mgr. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Yfirkjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og laga um kosningar til Alþingis.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hún fer með skipulags- og byggingarmál samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Einnig fer nefndin með málefni umhverfis- og umferðarmála í samræmi við lög þar um, meðal annars skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nefndin skal fylgjast með og gera tillögur um umferðarmál, landgræðslu, skógrækt og önnur umhverfismál, svo sem opin svæði, sorpmál og meindýraeyðingu. Málefni heilbrigðisnefndar Austurlands skulu kynnt á fundum nefndarinnar. Slökkviliðsstjóri situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt um málefni sem varða brunavarnir og brunamál í samræmi við lög um brunavarnir nr. 75/2000. Nefndin fundar að jafnaði mánaðarlega.
5. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. hafnalaga nr. 61/2003, en höfnin er skilgreind sem höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags skv. 2. tölul. 8. gr. framangreindra laga.
6. *Ferða- og menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er sveitarstjórn til ráðgjafar og veitir umsögn um erindi sem tengjast ferða-, menningar- og kynningarmálum. Nefndin fundar að jafnaði mánaðarlega.
7. *Fræðslunefnd*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af er einn aðalmaður og einn varamaður frá Fáskrúðsfjarðarhreppi. Nefndin sinnir málefnum grunnskóla, tónskóla og leikskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995, lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og lögum um leikskóla nr. 78/1994. Nefndin er sveitarstjórn einnig til ráðgjafar um æskulýðs- og íþróttamál, þar með talin málefni íþróttamannvirkja. Við störf að æskulýðs- og íþróttamálum skal hún hafa náð samstarf við aðila og félög sem starfa á því sviði. Enn fremur fer nefndin með stjórn bókasafna skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997. Nefndin fundar að jafnaði mánaðarlega.
8. *Félagsmálaráð Suðurfjarða*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af eru tveir aðalfulltrúar og tveir varafulltrúar úr Austurbyggð. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum og hefur umsjón með framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
9. *Þjónustuhópur aldraðra*. Samkvæmt 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 skipa sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi Fáskrúðsfjarðarlæknishéraðs fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnir lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu. Sveitarstjórnir skipa án tilnefningar tvo fulltrúa sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og sinnir hann öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölul. 8. gr. laga nr. 67/2001 um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Þjónustuhópur aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni á samstarfssvæði sínu:

- I. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
 - II. Að gera tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu.
 - III. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
 - IV. Að meta vistunarþörf aldraðra, sbr. 14. og 15. gr. laga um málefni aldraðra. Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa markmið laga um málefni aldraðra að leiðarljósi, sbr. 1. gr. þeirra laga.
10. *Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Uppsala*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af einn aðalmaður og einn varamaður tilnefndur af Fáskrúðsfjarðarhreppi. Stjórnin sér um rekstur Uppsala. Sveitarstjóri, læknir, hjúkrunarforstjóri og rekstarstjóri sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi uppbyggingu þjónustu á þessu sviði á Fáskrúðsfirði.
 11. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
- C. Auk þess skipar sveitarstjórn í eftirtalið:
1. *Almannavarnanefnd*. Um nefndina fer samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um skipan almannavarna og samkomulag um skipan almannavarnanefndar og aðgerðarstjórnar sveitarfélaganna Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Breiðdalshrepps, Djúpavogshrepps og Mjóafjarðarhrepps. Samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna situr sveitarstjóri í almannavarnanefnd, en sveitarstjórn skipar varafulltrúa í nefndina á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og sveitarstjórnar.
 2. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar.
 3. *Samband sveitarfélaga á Austurlandi*. Samkvæmt samþykktum fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi kýs sveitarstjórn ár hvert aðal- og varafulltrúa á aðalfund sambandsins.
 4. *Stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands*. Samkvæmt samþykktum fyrir Sorpsamlag Mið-Austurlands kýs sveitarstjórn árlega aðal- og varafulltrúa í stjórn samlagsins.
 5. *Fulltrúaráð Héraðsskjalasafns Austfirðinga*. Samkvæmt stofnsamningi Héraðsskjalasafns Austfirðinga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð safnsins og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.
 6. *Fulltrúaráð Skólaskrifstofu Austurlands*. Samkvæmt stofnsamningi Skólaskrifstofu Austurlands kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

58. gr.

Aðrar nefndir.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn getur ráðið sveitarstjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

60. gr.

Starfssvið sveitarstjóra.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og byggðarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í byggðarráðið og sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfslíðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður í samráði við sveitarstjórn hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr.

Ráðningar yfirmanna.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Ráðningar fastra starfsmanna.

Byggðarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 62. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

63. gr.

Aðrar ráðningar.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

64. gr.

Starfskjör, réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.

Um áætlanagerð.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Um fjárveitingar og útgreiðslur.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

68. gr.

Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Skil á fjárhagsáætlunum.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri sveitarfélagsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Austurbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Búðahrepps nr. 662/2002, með síðari breytingum, og samþykkt um stjórn og fundarsköp í Stöðvarhreppi nr. 548/1987, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. júlí 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Þorgerður Benediktsdóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Bakkafjarðarhöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnarsvæði.

Takmörk á sjó eru: Lína úr Svartnesi í austri í Skarfatanga í vestri.

Takmörk á landi eru: Undirlendi það sem liggur að smábátahöfninni innan eftirfarandi hnita: 689327.499-620011.884, 689424.054-620160.158, 689393.404-620186.137, 689284.366-620041.728.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Skeggjastaðahreppur, er eigandi hafnarinnar. Hreppsnefndin fer sjálf með yfirstjórn hafnarmála en heimilt er henni að kjósa sérstaka hafnarnefnd.

Um kosningu hennar, starfs- og valdsvið fer þá skv. samþykktum Skeggjastaðahrepps. Bakkafjarðarhöfn skal rekin sem sérstakur málaflokkur Skeggjastaðahrepps.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Sveitarstjóri Skeggjastaðahrepps, ef ráðinn er, er jafnframt hafnarstjóri Bakkafjarðarhafnar að öðrum kosti er oddviti hreppsins hafnarstjóri.

Hafnarstjóri fer með daglega stjórn hafnarinnar. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk samþykktar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

4. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

5. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalest.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

6. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að álitni hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirætlum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

7. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

8. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslið greinarinnar.

9. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

10. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðbóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Austurlands. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

11. gr.

Kæruheimild.

Notendum Bakkafjarðarhafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

12. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Bakkafjarðarhöfn í Norður-Múlasýslu nr. 302/1972, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 14. júlí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 2004.

Sameinaður rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:	Skýringar	kr.
Vaxtatekjur og verðbætur		42.574.391
Söluhagnaður eigna		4.865.226
Fjármunatekjur alls:		<u>47.439.617</u>
Fjármagnsgjöld:		
Vaxtagjöld		0
Fjármagnsgjöld alls:		<u>0</u>
Hreinar fjármunatekjur:		<u>47.439.617</u>
Aðrar tekjur:		
Framlag sveitarfélaga		33.121.670
Framlag ríkissjóðs		10.000.000

Búnaðargjald		<u>40.027.106</u>
Aðrar tekjur alls:		<u>83.148.776</u>
Tekjur alls:		<u>130.588.393</u>
Styrkveitingar:		
Styrkir	8	<u>48.142.994</u>
Styrkveitingar alls:		<u>48.142.994</u>
Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld:		<u>82.445.399</u>
Rekstrargjöld:		
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	7	17.020.081
Sérkostnaður	9	5.439.166
Afskriftir	2	429.838
Rekstrargjöld alls:		<u>22.889.085</u>
Hagnaður fyrir skatta:		59.556.314
Fjármagnstekjuskattur		4.257.436
Tekjur umfram gjöld:		<u>55.298.878</u>

Sameinaður efnahagsreikningur 31. desember 2004.

Eignir.

Fastafjármunir:	Skýringar	kr.
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4	
Áhöld		0
Fasteignir		<u>25.364.383</u>
Fastafjármunir alls:		<u>25.364.383</u>
Veltufjármunir:		
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur		19.614.170
Aðrar skammtímakröfur		9.188
Skammtímakröfur alls:		<u>19.623.358</u>
Handbært fé:		
Bankainnstæður		<u>508.437.478</u>
.....		<u>508.437.478</u>
Veltufjármunir alls:		<u>528.060.836</u>
Eignir samtals:		<u>553.425.219</u>

Eigið fé og skuldir.

Eigið fé:	5	
Óráðstafað eigið fé		<u>515.997.582</u>
Eigið fé alls:		<u>515.997.582</u>
Skuldbindingar:		
Lífeyrisskuldbinding	3	<u>35.304.000</u>
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir		<u>2.123.637</u>
Skammtímaskuldir alls:		<u>2.123.637</u>
Skuldir og skuldbindingar alls:		<u>37.427.637</u>
Skuldir og eigið fé samtals:		<u>553.425.219</u>

Skýrsla stjórnar.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjórnar Bjargráðasjóðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2004. Haldnir voru 5 stjórnarfundir. Húsnæði sjóðsins og samstarfsstofnana að Háaleitisbraut 11 var selt á árinu og keypt 5. hæðin í húseigninni Borgartúni 30. Skrifstofuhald er sameiginlegt með Lánasjóði sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eins og verið hefur mörg undanfarin ár. Samkvæmt samstarfssamningi er þátttaka Bjargráðasjóðs í sameiginlegum kostnaði á árinu 2004 kr. 17.020.081.

Á árinu 2004 voru tekjur sjóðsins umfram gjöld kr. 55.298.878. Alls voru samþykktir styrkir að fjárhæð kr. 48.142.994.

Eigið fé í árslok nemur 515,9 milljónum króna á móti 460,7 milljónum árið áður og hefur því hækkað um 55,3 milljónir á árinu eða um 12,0%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. febrúar 2005.

Sesselja Árnadóttir.

Guðbjartur Gunnarsson.
Hörður Harðarson.

Ríkhart Brynjólfsson.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Þórður Skúlason framkvæmdastjóri.

Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2004, efnahag hans 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 22. febrúar 2005.

Gísli Guðmundsson endurskoðandi.

Nr. 715

REIKNINGUR**Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2004.****Rekstrarreikningur.**

Vaxtatekjur:	Skýringar	kr.
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	3	21.642.072
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	3	1.110.836.897
Aðrar vaxtatekjur		<u>143.979</u>
Vaxtatekjur alls:		<u>1.132.622.948</u>
Vaxtagjöld:		
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	3, 10	376.728.246
Önnur vaxtagjöld		<u>278.214</u>
Vaxtagjöld alls:		<u>377.006.460</u>
Hreinar vaxtatekjur:		<u>755.616.488</u>
Aðrar rekstrartekjur:		
Fenginn arður		60.125
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		78.124.845
Gengismunur		<u>(1.017.945)</u>
Hreinar rekstrartekjur:		<u>77.167.025</u>

Önnur rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	5, 11, 12	18.658.263
Sérkostnaður Lánasjóðs		13.319.436
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		1.129.049
Rekstrargjöld alls:		<u>33.106.748</u>

Óreglulegar tekjur:

Hagnaður af sölu eigna		11.241.569
.....		<u>11.241.569</u>

Hagnaður ársins:		<u>810.918.334</u>
-------------------------------	--	--------------------

Efnahagsreikningur 31. desember 2004.**Eignir.**

Sjóður og kröfur á lánastofnanir:	Skýringar	kr.
Sjóður		10.000
Bankainnistæður		459.274.870
Sjóður og kröfur á lánastofnanir alls:		<u>459.284.870</u>

Útlán:

Skuldabréf	7, 14, 15	14.557.572.614
Útlán alls:		<u>14.557.572.614</u>

Eignarhlutir í félögum:

Hlutabréf	17	<u>390.561</u>
Eignarhlutir í félögum alls:		<u>390.561</u>

Aðrar eignir:

Skuldunautar		955.912
Varanlegir rekstrarfjármunir	18	<u>58.652.322</u>
Aðrar eignir alls:		<u>59.608.234</u>

Eignir samtals:		<u>15.076.856.279</u>
------------------------------	--	------------------------------

Skuldir og eigið fé.**Lántökur:**

Verðbréfaútgáfa	20, 21	2.698.870.003
Lán frá lánastofnunum		<u>2.344.772.944</u>
Lántökur alls:		<u>5.043.642.947</u>

Aðrar skuldir:

Skuldheimtumenn		3.151.785
Áfallin gjöld		<u>85.871.267</u>
Aðrar skuldir alls:		<u>89.023.052</u>

Reiknaðar skuldbindingar:

Lífeyrisskuldbindingar	31.683.000
Reiknaðar skuldbindingar alls:	<u>31.683.000</u>
Skuldir samtals	<u>5.164.348.999</u>

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé	23	<u>9.912.507.280</u>
---------------------------	----	----------------------

Eigið fé og skuldir samtals..... 15.076.856.279

Skýrsla stjórnar.

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga 2004 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Framsetning ársreikningsins breytist nokkuð frá fyrra ári og til samræmis er samanburðartölum fyrra árs breytt.

Stjórnarfundir voru sex á árinu og almenn starfsemi sjóðsins var að flestu leyti með hefðbundnum hætti sem og sameiginlegt skrifstofuhald með samstarfsstofnunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bjargráðasjóði.

Jafnframt var unnið að breytingum á sjóðnum og þróun hans til lengri tíma litið. Húsnæði sjóðsins og samstarfsstofnana að Háaleitisbraut var selt í upphafi árs og annað keypt í staðinn að Borgartúni 30. Áætlun um kaup og endurbætur á nýju húsnæði nam 177,8 m.kr. en raunkostnaður varð 170,8 m.kr. eða 96% af kostnaðaráætlun. Lánasjóðurinn er eigandi að 35% eignarinnar.

Á árinu fór fram skuldabréfaútböð að fjárhæð 1.700 m.kr. sem skráð er í Kauphöll Íslands. Stjórn sjóðsins samþykkti lánveitingar að fjárhæð 3.442,6 m.kr., þar af voru framkvæmdalán 1.349 m.kr. og skuldbreytingarlán 370,6 m.kr. af eigin fé, auk endurlánafjár úr verðbréfaútgáfu að fjárhæð 1.723 m.kr. Alls tóku 52 sveitarfélög lán hjá lánasjóðnum á árinu.

Nánari skipting á útlánnum er eftirfarandi:

	Samþykktar lánveitingar í þús. kr.	Útborguð lán í þús. kr.	Afþakkaður lánsréttur í þús. kr.
Leikskólar	239.000	227.000	12.000
Grunnskólar	500.000	465.000	35.000
Íþróttamannvirki	166.000	146.000	20.000
Gatnagerð, holræsi	285.000	225.500	59.500
Vatnsveita	21.000	21.000	
Hitaveita	35.000	35.000	
Fráveita	95.000	20.000	75.000
Annað	<u>8.000</u>	<u>8.000</u>	
Samtals	1.349.000	1.147.500	201.500
Skuldbreytingarlán af eigin fé	370.600	356.200	14.400
Endurlánafé	<u>1.723.000</u>	<u>1.664.000</u>	<u>59.000</u>
Samtals	<u>3.442.600</u>	<u>3.167.700</u>	<u>274.900</u>

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin útlánafé eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs og vextir eru breytilegir, en þeir lækkuðu 1. október 2004 úr 4,5% í 4%. Lán sem sjóðurinn tekur og endurlánar síðan eru lánuð á lántökukjörum með vaxtaálagi og 1% lántökugjaldi. Vaxtaálag lækkaði 1. desember úr 0,15% í 0,05%.

Vanskil lántakenda hjá sjóðnum í árslok 2004 nema um 4,0 m.kr. á móti 9,4 m.kr. árið áður. Einungis eitt sveitarfélag er í vanskilum í árslok.

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvíla lífeyrisskuldbindingar vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Samkvæmt útreikningi tryggingarfræðings nemur hluti lánasjóðsins í lífeyrisskuldbindingunum um 31,6 m.kr. í árslok 2004. Hækkun á hlut lánasjóðsins í skuldbindingunni er gjaldfærð í sérkostnaði sjóðsins eða 3,3 m.kr.

Afkoma sjóðsins var góð á árinu 2004. Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 810,9 m.kr. á móti 654,7 m.kr. árið áður. Efnahagur sjóðsins er mjög traustur. Eigið fé nemur í árslok 9.912,5 m.kr. á móti 9.101,5 m.kr. árið áður og hefur því hækkað um 8,9% á árinu. Eiginfjárlutfall er í árslok 67,75% á móti 71,13% árið áður og svonefnt CAD hlutfall er 340,4% í árslok samkvæmt reglum um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja en þarf að vera 8%.

Í desember 2003 réð stjórn sjóðsins ráðgjafa til að gera úttekt á sjóðnum og vinna með stjórninni að mótun nýrrar framtíðarstefnu. Að þessu verki hefur verið unnið allt árið m.a. í samvinnu við félagsmálaráðuneyti. Hinn 10. desember voru á Alþingi samþykkt ný lög nr. 136/2004 um Lánasjód sveitarfélaga og tóku þau gildi 1. janúar 2005. Lánasjóðurinn skal framvegis starfa sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og uppfylla skilyrði þeirra laga. Einnig er æðsta vald í málefnum sjóðsins flutt til sveitarfélaganna með lagabreytingunni og er nú í höndum eigendafunda þar sem eiga sæti fulltrúar, sem sveitarfélögin hafa kosið til setu á landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. mars 2005.

Magnús B. Jónsson formaður.

Einar Njálsson.
Magnús Gunnarsson.

Kristinn Jónasson.
Reinhard Reynisson.

Þorsteinn Þorsteinsson framkvæmdastjóri.

Áritun endurskoðenda.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 24.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er koma fram í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 2. mars 2005.

Jónmundur Guðmarsson skoðunarmaður.
Sveinn Sæmundsson, löggiltur endurskoðandi.

Nr. 716

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2004.

Rekstrarreikningur.

	<i>Skýringar</i>	2004	2003
Gjöld:			
Styrkir	6	3.000.000	4.500.000
Niðurfelling styrkja		(140.000)	(550.000)
Rekstrargjöld		<u>124.875</u>	<u>147.528</u>
.....Samtals gjöld		<u>2.984.875</u>	<u>4.097.528</u>
Fjármunatekjur:			
Vaxtatekjur	1, 4	7.145.603	7.009.611
Fjármagnstekjuskattur		(108.643)	<u>0</u>
.....Hreinar vaxtatekjur		<u>7.036.960</u>	<u>7.009.611</u>
Tekjur umfram gjöld.....		<u>4.052.085</u>	<u>2.912.083</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004.

	<i>Skýringar</i>	2004	2003
Eignir:			
Langtímakröfur:			
Spariskírteini ríkissjóðs	2, 5	<u>93.052.000</u>	<u>88.048.400</u>
Veltufjármunir:			
Handbært fé	3	<u>449.897</u>	<u>1.501.412</u>
Eignir alls.....		<u>93.501.897</u>	<u>89.549.812</u>

Skuldir og eigið fé:**Eigið fé:**

Höfuðstóll í ársbyrjun	86.509.812	83.597.729
Hagnaður ársins	<u>4.052.085</u>	<u>2.912.083</u>
.....Samtals	<u>90.561.897</u>	<u>86.509.812</u>

Skammtímaskuldir:

Óhafnar styrkveitingar	<u>2.940.000</u>	<u>3.040.000</u>
------------------------------	------------------	------------------

Skuldir og eigið fé alls.....	<u>93.501.897</u>	<u>89.549.812</u>
--------------------------------------	--------------------------	--------------------------

Skýringar.**Reikningsskilaaðferðir.**

- Grundvöllur reikningsskilanna.*
Ársreikningur Þjóðhátíðarsjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996.
- Langtímakröfur.*
Langtímakröfur sjóðsins eru spariskírteini ríkissjóðs. Spariskírteini eru skráð á árslokagengi.
- Handbært fé.*
Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.
- Vaxtatekjur.*

	2004	2003
Bankainnstæður	52.703	51.011
Gengistap/hagnaður vegna spariskírteina	<u>7.092.900</u>	<u>6.958.600</u>
Samtals kr.	<u>7.145.603</u>	<u>7.009.611</u>

- Spariskírteini.*
Í upphafi árs var spariskírteinaeign sjóðsins í 1. fl. D 1995 til 10 ára að nafnverði 44 m.kr., sem uppreiknað er til verðgildis í ársbyrjun til 88,0 m.kr. Á árinu voru seld spariskírteini að nafnverði 1 m.kr., söluverð 2,1 m.kr. Í árslok nam spariskírteinaeign sjóðsins í framangreindum flokki 43 m.kr. að nafnverði, sem að uppfærðu verðgildi nam 93,1 m.kr.

- Styrkir.*

Á árinu 2004 voru eftirtöldum aðilum veittir styrkir:

	2004	2003
Félag um varðveislu Seljavallalaugar	150.000	
Gamla Borg ehf.	200.000	
Iðnaðarsafni á Akureyri	200.000	
Sjóminjasafn Austurlands	150.000	
Nýlistasafnið	100.000	
Forsvar ehf.	150.000	

Hvalamiðstöðin á Húsavík	150.000	
Þorsteinn Geirsson v/sögurritunar	40.000	
Heimilisiðnaðarfélag Íslands	150.000	
Smári Ólason v/skráningar söngs	160.000	
Hjalti Þór Vignisson v/útgáfu á handriti	100.000	
Útgáfusjóður Kvæðamannafélagsins Iðunnar	100.000	
Dimma ehf.	100.000	
Glímusamband Íslands	100.000	
Þjóðbúningastofan	150.000	
Ómar Smári Ármannsson v/úrvinnslu gagna	150.000	
Kvenfélagið Iðja	50.000	
Menningarfélagið Brydebúð	150.000	
Kjarvalsstofa ses.	100.000	
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	100.000	
Jenný Karlsdóttir v/rannsóknar	100.000	
Íslenska Stríðsárasafnið	100.000	
Starfshópur um verkefnið: Á slóð Vatnsdælingasögu	150.000	
Fuglaverndarfélag Íslands	<u>100.000</u>	
Samtals	<u>3.000.000</u>	<u>4.500.000</u>

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Þjóðhátíðarsjóðs.

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-6. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög, reglur og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 24. maí 2005.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Staðfesting stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2004 með áritun sinni.

Reykjavík, 24. maí 2005.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Margrét K. Sverrisdóttir.

Jónína Michaelsdóttir.

Björn Teitsson.

Sigfús Gauti Þórðarson ritari.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
712	8. júlí	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Austurbyggðar.....	1587-1603
713	14. júlí	Hafnarreglugerð fyrir Bakkafjarðarhöfn	1603-1606
714		Reikningur Bjargráðasjóðs fyrir árið 2004.....	1606-1609
715		Reikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2004.....	1609-1613
716		Reikningur Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2004.....	1613-1616

